

Fyrirspurn Flokks fólksins um hvort gerðar hafi verið mælingar á hversu mikið hlutfall svifryks má rekja til umferðartafa með öðrum orðum hversu stór orsakavaldur slakt flæði umferðar er á svifryksmengun?

Gera má ráð fyrir að svifryk sé stór orsakavaldur þess hversu flæði umferðar er víða slakt í borginni. Flæði umferðar er víða slakt í borginni og gera má ráð fyrir því að það auki á svifryksmengun. Á mestu umferðargötum eru ljósastýringar slakar og eru bílar að hægja á sér, nema staðar, bíða í gangi og taka af stað allan daginn með tilheyrandi eyðslu, mengun og malbiksskemmdum.

Ef snjallljósastýringar væru í gangi myndu ljósin nema þörfina og flæði umferðar yrði í samræmi við umferð og aðstæður. Annað sem veldur skemmdum eru hraðahindranir sem sumstaðar virðist hafa verið dreift bara hipsum haps, t.d. rétt áður en komið er inn í hringtorg eða á eftir þverun en í þeim tilfellum segir það sig sjálft að hraðahindrunar ekki þörf. Hraðahindrunum er dreift á götur og hafa meira að segja verið lagðar á vegi milli hverfa þar sem bílar ættu að geta farið um án tafa.